

Sorpstöð Suðurlands  
Austurvegi 56  
800 Selfoss

Reykjavík, 6. desember 2019  
UST201912-039/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Áform um áminningu og krafa um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 27. október 2019 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti í Sorpstöð Suðurlands bs. að Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi þann 18. september.

Frávikið er eftirfarandi:

- Gr. 5.3. Mælinga- og losunarmörk fyrir sigvatn, sbr. reglugerð nr. 738/2003.** Í sigvatni frá urðunarstaðnum eru að mælast þungmálmar yfir losunarmörkum þ.e. nikkel, baríum og antimón.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávika til 20. nóvember sl. Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist tímasett áætlun um úrbætur. Stofnunin áformar því að áminna rekstraraðila, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 20. desember nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt kröfum stofnunarinnar. Stofnunin getur m.a. lagt á dagsektir og stöðvað starfsemi.

Áminning mun verða birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtekkisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á frigg.thorlacius@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

### **Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis**

